Föstudaginn 9. janúar 1998.

Nr. 11/1998. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
(Egill Stephensen saksóknari)
gegn
Jóhanni Braga Baldurssyni
(Pétur Þór Sigurðsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. janúar 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 7. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. janúar 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 19. sama mánaðar kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 6. janúar 1998.

Ár 1998, þriðjudaginn 6. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Jóhanni Braga Baldurssyni, kt. 020157-4969, óstaðsettum í hús í Reykjavík, en með dvalarstað að Frostafold 20, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 19. janúar 1998 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 20. desember sl. til mánudagsins 5. janúar sl. kl. 16.00. Lögreglan í Reykjavík hefur rannsakað innbrot í hús í Grafarvogi undanfarna mánuði. Kærði hefur viðurkennt að hafa brotist inn að Funafold 33 13. desember sl. og þvertekur ekki fyrir að hafa gert tilraun sama dag til innbrots í hús við Hverafold. Kærði hefur borið, að hann kannist ekki við önnur brot, sem honum eru gefin að sök í kröfu lögreglustjóra. Með vísan til rannsóknargagna þykir þó fram kominn rökstuddur grunur um, að kærði hafi jafnframt átt hlut að máli í fleiri innbrotum, sem til rannsóknar hafa verið og tilgreind eru í fram kominni kröfu. Um er að ræða sjö innbrot og þjófnaði á tímabilinu október fram í miðjan desember sl. til viðbótar þeim, sem kærði kannast við. Kærði er því undir rökstuddum grun um að hafa brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en slík brot geta varðað kærða fangelsi, ef sekt telst sönnuð.

Kærði hlaut tveggja ára fangelsisdóm árið 1995 vegna brota gegn 194. og 231. gr. almennra hegningarlaga. Hinn 22. desember 1996 fékk hann reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsingar, 240 dögum. Fyrir dóminum upplýsti kærði, að hann væri öryrki og þægi örorkubætur sér til lífsviðurværis. Með hliðsjón af framanrituðu, fjölda ætlaðra brota og rannsóknargögnum verður að fallast á með lögreglu, að hætta sé á, að kærði muni halda áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið. Verður því að fallast á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, eins og hún er fram sett, með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhann Bragi Baldursson, sæti gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 19. janúar 1998 kl. 16.00.